

Fagráð ÞÍH – fundargerð 26. Október 2023

Mættir: Emil Lárus Sigurðsson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir (sem kemur ný inn í fagráðið), Örn Ragnarsson, Snorri Björnsson, Súsanna Ástvaldsdóttir, Nína Hrönn Gunnarsdóttir, Hulda Gestsdóttir og Arna Þórdís Árnadóttir sem ritar fundargerð

Dagskrá var svohljóðandi:

1. Fréttir af afmælinu
2. Gagnagrunnar
3. Önnur mál

Gengið var til dagskrár

1. Mikil ánægja var með afmæli Þróunarmiðstöðvar sem haldið var 20. október sl. En sérstaklega stóð upp úr umræðan um mönnunarfanda, útbrunahættu og þau atriði sem tengjast því álagi sem heilsugæslan er undir. Þessi vandi einskorðast ekki við Ísland en þarf að sporna við. Það lá því beint við að taka þetta málefni fyrir á fagráðsfundi.

Ýmis atriði sem voru rædd; meðal annars um að gera heilsugæsluna meira aðlaðandi sem vinnustað, breyta verklagi sem léttir á verkum, fækka vottorðum, nota teymi innan heilsugæslunnar og svo framvegis. Ljóst að það er ekki eitthvað eitt sem bjargar en margt smátt gæti verið til góða.

Talað var um að Ráðuneytið þyrfti að koma að borði og að fagráðið þyrfti að láta í sér heyra auk þess sem fagfélög heimilislækna, hjúkrunarfræðinga og fleiri þyrftu líka að láta í sér heyra. Það er ekki nóg mikið talað um þennan vanda opinberlega.

2. Emil ítrekaði tilboð Þróunarmiðstöðvar að verkefnastjóri mælinga og greininga kæmi að gagnagrunnum heilbrigðisstofnanna og var vel tekið í það tilboð. Önnur formleg beiðni verður send á stofnanirnar sem fulltrúar í fagráðinu munu fylgja eftir.
3. Bréf barst frá Helgu Gottfreðs rétt fyrir fundinn þar sem hún velti fyrir sér möguleika á að skipuleggja fundi með lengri fyrirvara. Fagráðið var sammála um að það væri ágætt að miða við 4 vikna fyrirvara og fundartíma yrði breytt kæmust margir ekki á fund.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið